

## AUGLÝSING um samþykkt breytinga á tveimur deiliskipulagsáætlunum í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur 26. júní 2013 og 28. ágúst 2013 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt tillögur að breytingum á eftirtöldum deiliskipulagsáætlunum:

Á deiliskipulagi *ibúðarsvæðis í Leirvogstungu*, sem var upphaflega samþykkt 28. mars 2007 og síðast breytt 2. mars 2011. Helstu breytingar á deiliskipulaginu eru þær, að reiðleið færist vestur fyrir tengiveg vestan hverfisins (Tunguveg), tengivegurinn færist um allt að 10 m til vesturs á kafla syðst og um 6-12 m til austurs á kafla nyrst, auk ýmissa smærri breytinga á lóðarmörkum, húsgerðum og skilmálum fyrir einstakar lóðir. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 26. júní 2013.

Á deiliskipulagi *6 frístundalóða í Miðdalslandi*, upphaflega samþykktu 21. janúar 2009. Breytingin er sú, að byggingarreitur á lóð með landnúmeri 219987 færist norðar og austar á lóðina. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, breytingin var samþykkt í bæjarstjórn 28. ágúst 2013.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagsáætlunum hafa hlutið málsmeðferð samkvæmt 43. gr. laga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 24. september 2013,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. september 2013